

16.3 '09

Jónaðarnefnd, 397. mál


Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1256
komudagur 16.3.2009

Óhagkvæmni olfukyndinga.

Því miður má enn finna olfukyndingar á köldu svæðum landsins, bæði í heimahúsum sem og félagsheimilum, og þaðan af miklu stærra iðnaðarhúsnæði. Algengur fylgifiskur olfukyndinga eru gamlir og lúnir brennarar þar sem allt frá 20% til 50% af orkuinnihaldi olíunnar tapast út um skorsteininn.

Nýlega var skipt úr olíuhitun yfir í varmadælur í húsakynnum Ísnets á Höfn eins fram hefur komið hér á síðunni. Við reiknum með að orkunotkun falli niður í u.þ.b 1/5 af því sem áður var og fylgjumst að sjálfsögðu með hvort sú spá gengur eftir.

Annað nýlegt dæmi er bærinn Vigdísarstaðir skammt frá Hvammstanga. Sigurgeir Magnússon hefur verið að nota um 4000 lítra af olíu árlega sem kostaði hann um rétt um 400 Þús Kr. á síðasta ári.



Varmadælan á Vigdísarstöðum.

Varmavélar flytja inn og nota eingöngu viðurkennda fylgihluti, svo sem hlífðargrindur, rör, rennur o.s. frv.

Nú er kominn upp varmadæla á Vigdísarstöðum og helstu niðurstöður áætlunar okkar eru eftirfarandi.

Stofnkostnaður, (*)	550.000,- Kr.
Orkusparnaður,	30.774,- kWh/ár
Lækkun kyndikostnar (**)	258.000,- Kr./ár
Endurgreiðslutími	25,6 mánuðir

* Varmadælan uppsett og frágengin með öllum fylgihlutum og Vsk.

** Afskriftir stofnkostnaðar, eðlilegt viðhald o.fl tekið með í reikninginn.

Frumvarp Iðnaðarráðherra

Nú liggur frumvarp fyrir alþingi varðandi niðurgreiðslur húshitunar á köldum svæðum. Hugmyndin mun vera sú að útvíkka þekkta aðferð til stuðnings jarðhitaleit og nýjum hitaveitum þannig að fyrirframgreiðsla niðurgreiðslna nái nú einnig til annara orkusparandi úrræða.

Þetta er fagnaðarefni enda mun þetta ýta undir varmadæluvæðingu á köldum svæðum með tilheyrandi sparnaði bæði fyrir húseigendur og ríkið, sem kaupir sig frá seinni tíma útgjöldum með þessum hætti.

Eftir því sem næst verður komist verða þeir sem kynda með olíu útundan sökum þess að þeir eru ekki í niðurgreiðslukerfinu. Þetta er afar slæmt ef rétt er, og leitt að vita ef útgangspunkturinn snýst um að hanna kerfi sem hæfir kerfinu fremur en að taka á brýnu verkefni sem ætti að njóta forgangs þ.e. að **útrýma olúkyndingum.**

Önnur athugasemd við frumvarp iðnaðarráðherra varðar hugmyndir um viðarkyndingar. Til að koma upp viðarkyndingu þarf að leggja í töluverðan kostnað við þar til gerða katla sem reyndar liggja á lausu hundruðum saman mismunandi mikið notaðir í Skandinavíu. Hér ætti ríkið að gæta handa sinna, og fara varlega í að hvetja til lausna af þessu tagi. Hver trúir því að fólk muni til lengdar endast til að bera eldivið í - og ösku frá - þess háttar kynditækjum? Ekki er dregið í efa að viðarkyndingar séu orkusparandi og geti átt rétt á sér í einstöku afmörkuðum tilvikum, en almennt talað eiga svona fortíðarúrræði tæpast samleið með framtíðinni.

Reykjavík, 15 mars 2009
Friðfinnur K. Danielsson
S-894-1624

www.varmavelar.is
www.alvarr.is